

Ár 2014, miðvikudaginn 23. júlí kom stjórn SSNV saman til fundar kl. 14:00 að Höfðabraut 6 á Hvammstanga.

**Mætt til fundar:** Bjarni Jónsson, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson, Hanna Þrúður Þórðardóttir og Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Áheyrnarfulltrúar, Sigurður Valur Ásbjarnarson Fjallabyggð, Svanfríður Jónasdóttir Dalvíkurbyggð og Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnastjóri málefna fatlaðs fólks, tóku þátt í fundinum í gegn um síma. Þóra Sverrisdóttir varaformaður stjórnar boðaði forföll.

#### **Dagskrá:**

1. Ársreikningur SFNV 2013
2. Fundargerð 28. apríl 2014
3. Önnur mál

#### **Afgreiðslur:**

1. Ársreikningur SFNV 2013 lagður fram og staðfestur af stjórn með undirritun.

2. Verkefnisstjóri kom til fundar. Umræður um fundargerð frá 28. apríl 2014. Undir lið 2 á þeim fundi, fundargerð Róta bs. frá 26. mars sl. var lögð fram lokaniðurstaða rekstrar ársins 2013 hjá þjónustusvæðunum. GSG fór yfir lokaniðurstöðu rekstrar þjónustusvæðanna eftir fundi með fulltrúum sveitarfélaga og afgreiðslu þjónustuhóps frá 25.mars 2014. Kostnaður sveitarfélaga/þjónustusvæða umfram áætlun ársins 2013 er 5.2 m.kr. eða 1%. Rekstraráætlun var 512.7 m.kr. niðurstaða rekstrar er 517.9. Tillaga þjónustuhóps frá fundi 25. mars 2014 er sú að uppgjör til sveitarfélaga/þjónustusvæða verði með eftirfarandi hætti:

Húnaþing vestra	endurgreiði	3.896.341 kr.
Austur – Hún	fái greitt	796.920 kr.
Svf. Skagafjörður	fái greitt	4.858.686 kr.
Fjallabyggð	fái greitt	8.082.718 kr.
Dalvíkurbyggð	endurgreiði	4.555.644 kr.

Stjórn samþykkir framangreinda tillögu þjónustuhóps að uppgjöri til þjónustusvæðanna vegna ársins 2013.

3. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 14:50.